



Fjölbrautaskóli Suðurlands

HÁRG1SX02  
Hárgreiðsla  
Kennsluáætlun – Vor 2020

---

**Kennari áfangans: Þóra V Hilmarsdóttir**

**Áfangalýsing:**

Nemandi öðlist færni í einföldum hárgreiðslum. Læri margvíslegar fléttutækni, alskonar snúða og beita heitum járnum á ýmsan hátt. Kennt verður á dúkkuhöfuð þar sem nemendi lærir að setja saman ólík form í hárgreiðslum og fær þjálfun í að móta eigin hugmyndir. Sköpunargleðin og sjálfstæð vinnubrögð fá að njóta sín. Internetið, google og youtube verður rannsakað svo hugmyndirnar flæða til okkar. Á önninni verða teknar myndir af greiðslum og fléttum sem fara á facebooksíðu hópsins.

Farið verður yfir almennt hreinlæti og líkamsbeitingu. Hárvottur og höfuðnudd fær nýja merkingu.

Förum í sjálfskoðun. Hver er ég, hverjir eru mínir kostir og hvað vil ég geta gert. Ræðum hlutina og öðlumst skilning á hvað við séum frábær.

Lokaverkefni nemenda er að greiða fallega einfalda hárgreiðslu á dúkkuhöfuð sem fer til sýnis á bókasafni skólans.

**Markmið áfangans:**

**Þekking, leikni og hæfni:**

- Nemandi læri að hanna og útfæra léttar hárgreiðslur, fléttur og snúninga.
- Nemandi geti greitt einfalda greiðslur í sítt hár við hvaða tilefni sem er.
- Nemandi öðlist færni við að beita heitum járnum í hár.
- Að nemendi efli sköpunargáfu sína og verði sjálfstæðari einstaklingur.

**Námsmat:**

Einstaklingsmat og umsögn.

- Mæting 60%
- Samvinna/ samskipti 20%
- Lokaverkefni 20%

Vika	Dags.	Námsefni -viðfangsefni
1		
2	7. jan	Kynning á áfanganum, námsgögnum, námsumhverfinu og hvernig náminu verði gert skil á önninni.
3	14. jan	Hárþvottur og höfuðnudd. Ræðum um vörur og eiginleika þeirra.
4	21. jan	Líkamsbeiting og persónulegt hreinlæti.
5	28. jan	Rifjum upp fléttutæknina. Hvað getum við framkvæmt. Föstflétta, fiskiflétta og fiðrildaflétta.
6	4. feb	Höldum áfram í fléttunum.
7	11. feb	Krullujárn, sléttujárn og vöflujárn.
8	18. feb	Höldum áfram með heitujárnin
9	25. feb Sprengidagur Miðannarmat	Hárþvottur og djúpnæring. Ræðum um vörur og eiginleika þeirra.
10	3. Mars Opið hús	Koma með greiðslu hugmynd að heiman. Verið dugleg að googla hugmyndir. Hvað langar ykkur að geta framkvæmt.
11	10. Mars	Hvað er háralitur og hvernig er hann borinn í.
12	17. mars	Lærum að setja rúllur í hár.
13	24. Mars	Líkamsbeiting og persónulegt hreinlæti.
14	31. mars	Lærum að halda á skærum og greiðu. Förum létt yfir klippi form.
15	7. apríl Páskafri	
16	14. apríl Pásafri	
17	21. apríl	Förum yfir önnina . Hvað erum við búin að læra og hvernig gekk okkur.
18	28. apríl	Dúkkuhúsin fullkomnaður og farið með hann upp í skóla til sýnis á bókasafnið
19	5. maí	Frágangur og uppgjör.

Gert með fyrirvara um breytingar.